

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

876. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 20. júlí 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrun Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrun Karlsdóttir

Afgreiðslur:

- 1. Fundargerðir lagðar fram til kynningar**
 - a. 1507026 Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. júlí sl.**
 - b. Fundargerð stjórnar SSNV frá 30. júní sl.**
 - c. 1507023 Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra frá 15. júlí sl.** ásamt drögum að starfsleyfisskilyrðum fyrir ofanjarðar gaslúsjálfsala á Norðurlandi vestra.
 - d. Lagðar fram 4 fundargerðir vinnuhóps um skipulag svæðis milli íþróttahúss og leikskóla.**
- 2. Bréf frá Sýslumanni á Norðurlandi vestra.**
 - a. 1507024 Lagt fram bréf frá Sýslumanni dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 svo og reglugerðar nr. 585/2007. Stefán Hafliði Aðalsteinsson f.h. Star Light Apartments sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Hvammstangabraut 9 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.**
 - b. 1507025 Lagt fram bréf frá Sýslumanni dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 svo og reglugerðar nr. 585/2007. Skúli Húnn Hilmarsson f.h. Unnvals ehf. sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Brekkugötu 8 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Unnur Valborg Hilmarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.**
- 3. 1507022 Lagt fram til kynningar bréf til byggingafulltrúa frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn byggingafulltrúa um tillögu Mannvirkjastofnunar að skoðunarhandbókum vegna framkvæmdar lokaúttekta og áfangauúttekta og vegna yfirferðar hönnunargagna í tengslum við mannvirkjagerð**

- 4. 1507006 Lagt fram til kynningar bréf Umhverfisstofnunar dags. 29. júní sl.**
varðandi endurskoðun áætlunar hafnaryfirvalda um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:59

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir